

392. fundur velferðarráðs 3. febrúar

8. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgaryfirvöld grípi strax til aðgerða sem miða að því að finna öruggt húsnæði fyrir þann hóp fólks sem býr í ósamþykktu íbúðarhúsnæði. Talið er að allt að 7000 manns búi í ósamþykktu húsnæði í borginni. Í sumum tilfellum er aðbúnaður ekki í samræmi við öryggiskröfur sem getur skapað íbúum mikla hættu.

Það hefur ávallt tíðkast að hluti borgarbúa eigi heimili í húsnæði sem ekki hentar til íbúðar og er ekki samþykkt sem slíkt. Heimilisfesta í ósamþykktu íbúðarhúsnæði jókst verulega eftir hrun, þegar fjöldi fólks misstu vinnu og heimili. Góðærið varð til þess að sumir fundu betri aðstæður en í stað þeirra komu aðrir.

Vegna mikillar eftirspurnar eftir ódýru vinnuafli við ferðaþjónustu fluttu hér til landsins fjöldi fólks og hóf búsetu í ósamþykktum íbúðum. Ætla má að stór hópur þessa fólks sé nú atvinnulaus vegna áhrifa faraldursins og eigi því ekki annara kosta vöð en að dvelja áfram í óöruggu húsnæði. Um 900 manns eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði í Reykjavík. Flestir búa í óleyfishúsnæði vegna þess að þeir hafa ekki efni á að koma yfir sig betra og öruggara skjóli. Mikið af þessu fólki er fjölskyldufólk.

Greinargerð

Því erfiðari sem húsnæðismarkaðurinn er fátæku og efnalitlu fólki, aukast líkur þess að fólk finni sér skjól í ósamþykktu, hættulegu húsnæði þar sem brunavörnum er oft ábótavant. Vandinn er meiri nú eftir að atvinnuleysi hefur aukist vegna COVID-19.

Ástæður sem leiða til þess að fólk neyðist til að leita sér skjóls í óleyfishúsnæði er skortur á hagkvæmu leiguhúsnæði og fátækt. Hér er m.a. um að ræða húsnæði sem er skipulegt undir atvinnustarfsemi en nýtt til íbúðar fyrir einstaklinga. Einnig séu dæmi um að starfsmannaleigur og atvinnurekendur komi starfsmönnum sínum fyrir í óleyfisbúsetu.